

Upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR) á vefsíðu

Montanaro Better World Fund

Samantekt

Sjóðurinn hefur markmið um sjálfbærar fjárfestingar og leitast við að fjárfesta í hágæðafélögum sem veita þjónustu og vörur og starfa með hætti sem telst hafa jákvæð samfélagsleg áhrif og sem leggja áherslu á góðar venjur á sviði umhverfismála, félagslegra þátta og stjórnarháttanna (UFS). Með fjárfestingum sjóðsins leitast fjárfestingastjórinn við að bæta aðgengi að og auka gæði grundvallarlífssnaðsýnja, draga úr ójöfnuði og draga úr áhrifum loftslagsbreytinga.

Allar fjárfestingar hans, að reiðufé undanskildu, teljast „sjálfbærar“ en þar sem fjárfestingar í sjóðnum fara eingöngu fram á neðansæknum (e. bottom-up) grundvelli verður hlutfall sjálfbærra fjárfestinga sem þjóna tilteknum umhverfis- eða félagslegum markmiðum breytilegt með tímanum.

Minnst 50% tekna þeirra félaga sem sjóðurinn fjárfestir í verða að samræmast einu eða fleiri „sjálfbærni viðmiðum“ og uppfylla þær kröfur sem tilgreindar eru í sérstakri „skýrslu um sjálfbærniáhrif“ og „UFS-gátlista“ fjárfestingastjórans. Þessar greiningar eru studdar gögnum frá Impact Cubed, MSCI og Factiva.

Fjárfestingastjórinn leitast við að tryggja að fjárfestingar í sjóðnum valdi ekki teljandi skaða að því er varðar umhverfis- eða félagsleg markmið, með vísan til ákveðinna siðferðislegra takmarkana.

Sjóðurinn mun fylgjast með og veita upplýsingar um helstu neikvæð sjálfbærniáhrif (e. Principal Adverse Impacts eða „PAIs“) og mælikvarða umhverfis- eða félagslegra þátta. Virk samskipti (e. engagement) eru mikilvæg í fjárfestingarnálgun okkar. Fjárfestingastjórinn á í virkum samskiptum við fyrirtæki til að stuðla að því að þau taki upp sjálfbærar rekstrarvenjur.

Sjóðurinn hefur ekki sérstakt viðmið til að fylgjast með því hvort hann nær tilteknum umhverfis- og sjálfbærni markmiðum.